

BORGARRÁÐ 30. apríl 2020: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um framlengingu gildistíma strætókorta vegna COVID-19 - R20040242

Flokkur fólksins leggur til að Strætó bs. framlengi gildistíma allra strætókorta um sama tíma og fækkun varð á ferðum vegna Covid-19. Covid-19 er ekki farþegum Strætó að kenna né öðrum ef því er að skipta. Það er mat borgarfulltrúa Flokks fólksins að Strætó bs. verði að koma á móts við farþega sína sem hafa ekki getað nýtt sér strætó ýmist vegna Covid-19 og eða vegna stopulla ferða. Því er það lagt til að framlengja gildistíma strætókorta sem nemur þeim tíma sem fækkun ferða nær yfir og einnig mætti skoða að lækka einstaklingsmiða um helming til að laða þá í strætó sem hentar að nota almenningsamgöngur endrum og sinnum. Strætó mun ekki þrífast ef enginn stígur inn í þá. Nú er lag að sýna jákvætt viðmót og gera allt til að bjóða fólki velkomið í vagnanna.